

Skýrsla nefndar um stöðu og horfur í rækjuiðnaði á Íslandi

Janúar 2006

Efnisyfirlit

Efnisyfirlit	2
1 Inngangur	4
2 Niðurstöður	5
3 Þróun og horfur í rækjuíðnaði	8
3.1 Hágengi	8
3.2 Gengisspár.....	10
3.3 Þróun og horfur rækjuveiða við Ísland	11
3.4 Samkeppni frá eldis- og heitsjávarrækju.....	13
3.5 Rækjuveiði Grænlandinga	14
3.6 Rækjuveiði Kanadamanna	14
3.7 Rækjuveiði Norðmanna	15
3.8 Innflutningur á rækju til úrvinnslu	16
3.9 Helstu samkeppnismarkaðir íslenskrar kaldsjávarrækju.....	17
3.10 Þróun afurðaverðs rækju og verðvísitölu pillaðrar rækju	18
4 Áhrif á byggðapróun	20
4.1 Fjöldi rækjuvinnslustöðva og starfa.....	20
4.2 Fjöldi starfa í Stykkishólmi.....	21
4.3 Fjöldi starfa í Bolungarvík	22
4.4 Fjöldi starfa á Ísafirði.....	22
4.5 Fjöldi starfa í Súðavíkurbreppi	23
4.6 Fjöldi starfa á Hól mavík	23
4.7 Fjöldi starfa í sveitarfélaginu Skagafirði.....	24
4.8 Fjöldi starfa á Siglufirði	24
4.9 Fjöldi starfandi eftir aðalstarfi á Akureyri	25
4.10 Fjöldi starfandi eftir aðalstarfi á Húsavík	25
4.11 Samantekt um byggðapróun	26
5 Hvað geta stjórnvöld gert?	27
5.1 Almennir rekstrarstyrkir eða opinberir styrkir	27
5.2 Veiðigjald.....	27

Staða og horfur í rækjuíðnaði á Íslandi

5.3	Veiðiskylda	28
5.4	Bætur vegna aflabrests	29
6	Viðauki.....	30
6.1	Lög um bætur vegna aflabrests	30
6.2	Lög um veiðiskyldu	31

1 Inngangur

Hinn 26. október 2005 skipaði Einar K. Guðfinnsson, sjávarútvegsráðherra, nefnd til þess að fjalla um stöðu og horfur í rækjuíðnaði á Íslandi. Nefndinni var ætlað að kanna hvort hægt væri að gera úrbætur á núverandi stöðu.

Í nefndina voru skipaðir Davíð Ólafur Ingimarsson hagfræðingur hjá sjávarútvegsráðuneytinu sem var jafnframt formaður; Ólafur H. Marteinson framkvæmdastjóri hjá Þormóði ramma - Sæberg og Pétur Grétarsson hagfræðingur hjá Byggðastofnun.

Nefndin kom fyrst saman þann 3. nóvember 2005 og hélt 6 fundi, hinn síðasta 16. janúar 2006. Við upphaf starfsins var hlutverk nefndarinnar afmarkað og nálgun við viðfangsefni hennar rædd. Ákveðið var að nefndin fjallaði um þróun gengisins, almenn rekstrarskilyrði rækjufyrirtækja, horfur í greininni, ríkisstyrki, áhrif á byggðaþróun og að lokum hvernig og hvort ástæða er fyrir hið opinbera til að bregðast við þeirra stöðu sem greinin býr við.

Gagnaöflun nefndarinnar hefur fyrst og fremst lotið að söfnun fyrirliggjandi gagna um þróun mála hjá sjávarútvegsfyrirtækjum og þróun efnahagsmála. Einnig hefur nefndin safnað fjölda innlendra og erlendra skýrslna um málefnið sem unnar hafa verið að undanfögnu. Við þá vinnu hefur verið haft samband við ýmsa sérfræðinga á sviði fjármála og efnahagsmála. Nefndin hefur haft samband við hagsmunaaðila og hópa er láta sig rekstur rækjufyrirtækja varða og fengið athugasemdir frá þeim, m.a. frá rækjufyrirtækjum og Samtökum fiskvinnslustöðva.

2 Niðurstöður

Helstu efnisatriði og tillögur í skýrslunni eru eftirfarandi:

Gengisþróun

- Eins og kunnugt er hefur gengi íslensku krónunnar styrkst mikið á síðustu mánuðum og náði krónan tímabundnu hámarki í byrjun nóvember 2005, þegar gengisvísitalan fór niður í um 100,6. Á síðustu dögum hefur krónan sveiflast lítið og verið í kringum 104 en erfitt er að segja til um það hvenær hún muni veikjast á ný. Greiningardeildir bankanna gera allar ráð fyrir að gengið veikist þegar líða tekur á árið 2006 og verði gengisvísitalan að jafnaði 108-116 á árinu 2006. Fjármálaráðuneytið reiknar með að gengisvísitalan verði að meðaltali 114. Búast má því við erfiðu rekstrarári framundan.

Staða rækjuiðnaðar

- Ástand rækjustofna hefur verið lélegt að undanförmu og er rækjuveiði við Ísland nú sú minnsta í 20 ár. Verulegur aflabrestur hefur orðið í úthafs rækjuveiðum og innfjarðarækjuveiði er nú engin. Ómögulegt er að segja til um hvenær breyting verði til batnaðar í veiðum. Forsenda þess að rækjuiðnaður eigi sér framtíð á Íslandi er að hún fari aftur að veiðast á Íslandsmiðum. Ef Íslendingar þurfa eingöngu að treysta á innflutt hráefni mun staða greinarinnar versna enn frekar.
- Erfiðleikar eru alls staðar í samkeppnislöndum Íslendinga í kaldsjávarrækju. Í samkeppnislöndunum er aðalvandamálið ekki aflasamdráttur eða slök staða rækjustofna heldur lágt verð, óhagstæð gengisþróun og mikil samkeppni í kjölfar aukins framboðs á rækju, sérstaklega frá Kanada.
- Rækjuverksmiðjur verða í auknum mæli að byggja framleiðslu sína á innflutningi á iðnaðarrækju en gera má ráð fyrir samkeppni frá Noregi í þeim efnum. Markaðir eru fyrir hendi en ekki fæst nægilega hátt verð fyrir rækjuna.

- Íslendingar og Grænlandingar búa við tollfrelsi en sú staða er ekki uppi á teningnum hjá Kanadamönnum og Norðmönnum. Almenni tollurinn hjá Norðmönnum er um 7% en um 20% hjá Kanadamönnum. Frá þessu eru undantekningar sem byggjast á því að rækjan fari í framhaldsvinnslu í EB-landi.

Áhrif á byggðapróun

- Í ársbyrjun 2005 voru 11 rækjuverksmiðjur starfandi á Íslandi en í árslok 2005 voru þær einungis 8. Á sama tíma fækkaði störfum í rækjuvinnslu úr 450 í um 220. Þessi fækkun starfa skapar mikil vandamál í smærri byggðarlögum sem treysta á þennan iðnað. Erfitt getur verið fyrir einstaklinga í smærri byggðum að finna önnur störf innan byggðarlagsins og geta þeir því neyðst til að flytja úr byggðarlaginu.
- Mest eru áhrifin í Súðavík, þar sem 30% starfa í byrjun árs 2005 var í rækjuíðnaði en í lok ársins voru þau engin vegna lokunar rækjuverksmiðja. Í Stykkishólmi voru um 7% starfa í rækjuíðnaði í byrjun árs 2005 en í lok ársins voru þau engin. Þetta leiðir til þess tekjustofnar viðkomandi sveitarfélags minnka verulega. Einnig byggðust um 10% starfa í Hólmavík, 9% starfa á Siglufirði og 6% starfa í Bolungarvík á rækjuvinnslu árið 2004. Töluverðir hagsmunir eru fyrir byggðarlögin að rækjuverksmiðjurnar verði áfram starfandi.

Tillögur nefndarinnar

- Nefndin leggur til að leitað verði leiða til að afnema veiðiskyldu á meðan þetta ástand varir.
- Nefndin leggur til við stjórnvöld að þau endurskoði lög um veiðigjald á þann veg að veiðigjald fyrir rækjufyrirtæki verði afnumið tímabundið.
- Nefndin leggst gegn því að veita almenna styrki til rækjufyrirtækja.
- Tveir af þremur nefndarmönnum, þeir Ólafur Marteinsson og Pétur Grétarsson, leggja til að úthafs rækjuútgerð sitji við sama borð og aðrar greinar sjávarútvegs,

s.s. veiðar á hörpudiski og innfjarðarækju, þegar úthlutað er bótum vegna aflabrests samkvæmt 9 gr. laga um stjórn fiskveiða. Formaður nefndarinnar og fulltrúi sjávarútvegsráðuneytisins í nefndinni, Davíð Ólafur Ingimarsson, telur að ekki sé tímabært að taka afstöðu til þessa máls að svo stöddu.

3 Þróun og horfur í rækjuiðnaði

Nýtingin í rækjuvinnslu á Íslandi hefur aukist til muna með aukinni tæknivæðingu og almennum hagræðingaraðgerðum síðustu ár. Þrátt fyrir það er staðan í rækjuiðnaðinum alvarleg og erfitt er fyrir rækjufyrirtækin að standa af sér þetta erfiða rekstrartímabil. Ómögulegt er að segja til um hvenær rækjustofninn verður orðinn nægjanlega stór þannig að veiðar verði hagkvæmar. Einnig er ómögulegt að spá fyrir um hvenær gengið muni veikjast svo um munar en Seðlabankinn hefur ítrekað hækkað stýrivexti sína til að sporna gegn verðbólgu. Rækjuverksmiðjum hefur fækkað verulega síðustu ár en á árinu 2005 fækkaði þeim úr 11 í 8. Fjölmargar ástæður eru fyrir þessum erfiðu rekstrarskilyrðum og eru þær ekki eingöngu bundnar við gengi krónunnar, þótt það hafi vissulega töluverð neikvæð áhrif. Í þessu sambandi má nefna aflabrest í innfjarða- og úthafsækju, hátt olíuverð og óbeina samkeppni frá eldisrækju og heitsjávarrækju.


3.1 Hágengi

Í skýrslu nefndar um áhrif hás gengis íslensku krónunnar á sjávarútveginn segir m.a.: „Í mars árið 2001 var fastgengisstefnan, sem fylgt hafði verið árin á undan, lögð af. Áður en stjórnvöld tóku þessa ákvörðun var krónunni leyft að fljóta en gengi hennar var haldið innan ákveðinna vikmarka og sveiflaðist gengisvísitalan þá yfirleitt á bilinu 110 til 120. Í framhaldi af þessari kerfisbreytingu veiktist krónan nokkuð snögglega. Reyndar hafði hún þá þegar veikt um rúm 10% frá því að hún var sem sterkust snemma árs 2000. Gengi krónunnar náði lágmarki þegar gengisvísitalan fór yfir 150 í ársbyrjun 2002 (sjá mynd 1).¹ Efnahagsaðstæður gerðu það að verkum að gengi krónunnar veiktist auk þess sem aðstæður og þróun á fjármálamörkuðum stuðluðu að og ýttu undir veikingu. Þegar líða tók á árið 2002 tók krónan að styrkjast á ný, m.a. vegna væntinga um aukið innflæði erlends gjaldeyris vegna stóriðjuframkvæmda og einnig var talið að hún væri of lágt skráð miðað við aðrar forsendur í þjóðarbúskapnum. Gengi krónunnar var nokkuð stöðugt og sveiflaðist gengisvísitalan í kringum gildið 120 frá árinu 2003 fram á síðari

¹ Gengisvísitalan mælir meðalverð erlendra gjaldmiðla í íslenskum krónum. Þetta þýðir að þegar gengisvísitalan hækkar, þá lækkar krónan.

hluta ársins 2004.“ Þá tók krónan að styrkjast hratt á ný og náði gengisvísitalan tímabundnu lágmarki í um 100,6 í byrjun nóvember 2005. Gildi hennar er nú um 104.²

Mynd 1: Gengi krónunnar ásamt gengisspám bankanna³




Heimild: Seðlabanki Íslands og greiningardeildir Íslandsbanka, Landsbankans og KB banka.

Í skýrslunni kemur einnig fram að: „...ástæður þróunar krónunnar síðasta árið eru nokkrar, en ein sú helsta er barátta Seðlabanka Íslands við verðbólguna, sem hefur farið vaxandi þegar lítið er til vísitölu neysluverðs. Í þeirri baráttu beitir bankinn stýrivöxtum sínum, sem eru vextir í svokölluðum endurhverfum viðskiptum bankans, í þeirri viðleitni að minnka eftirspurn og slá á þenslu.“ Seðlabankinn tók að hækka stýrivextina í maí 2004 og hefur síðan þá hækkað þá í þrepum um 5,2 % alls. Stýrivextirnir, sem voru 5,3% frá febrúar 2003 til maí 2004, eru eftir hækkun 6. des sl. komnir í 10,5%. Vextir Seðlabanka Evrópu hafa breyst mjög lítið á þessu tímabili, en vextir Seðlabanka Bandaríkjanna hafa hækkað nokkuð, þó mun minna en hér. Vaxtamunur við útlönd hefur því aukist verulega og farið úr um 3% í maí 2004 í um 6,8% nú (sjá mynd 2).

² Gildið miðast við skráð gengi hjá Seðlabanka Íslands þann 16.jan.2006.

³ Myndin byggist á meðaltali mánaða og því kemur ekki fram á myndinni að gengisvísitalan fór rétt yfir 150 í stuttan tíma.

Mynd 2: Stýrivextir Seðlabanka Íslands og vaxtamunur við útlönd



Heimild: Seðlabanki Íslands.⁴

Þessi þróun ásamt gríðarlega mikilli skuldabréfaútgáfa erlendra aðila í íslenskum krónum og miklum fjárfestingum, sem fjármagnaðar hafa verið með erlendum lántökum í verulegum mæli, hefur leitt til innstreymis á erlendu fé og styrkingar krónunnar.⁵

3.2 Gengisspár

Á síðasta ársfjórðungi ársins 2005 birtu greiningardeildir allra viðskiptabankanna spár um gengisþróun krónunnar á næstu misserum (sjá mynd 1). Greiningardeildirnar gera allar ráð fyrir að gengi íslensku krónunnar myndi veikjast þegar líða tæki á árið. KB banki spáir því að gengisvísitalan verði að meðaltali um 111 fyrir árið 2006, Íslandsbanki spáir því að gengisvísitalan verði að meðaltali um 108 fyrir árið 2006 og Landsbankinn spáir

⁴ Vaxtamunur við útlönd er munur þriggja mánaða ríkisvixlavaxta á Íslandi og í viðskiptalöndunum. Raunstýrivextir eru reiknaðir sem vextir í endurhverfum verðbréfakaupum Seðlabankans leiðréttir fyrir áætluðu verðbólguálagi ríkisbréfa til 2ja ára (röð endar í mars 2005) eða 8 ára. Verðbólguálag til 8 ára er metið sem munur á ávöxtunarkröfu óverðtryggðra ríkisbréfa og verðtryggðra spariskírteina (flokkarnir RIKB 13 0517 og RIKS 15 1001). Fram til 15. apríl 2003 var verðbólguálag til skemmri tíma metið á þann hátt en eftir þann tíma og fram til mars 2005 var það reiknað með þeirri aðferð sem lýst er í skýringu við mynd 8. Frá mars 2005 skortir upplýsingar til að reikna verðbólguálag á þennan hátt. Vikulegar tölur.

⁵ Skýrsla nefndar um áhrif hás gengis íslensku krónunnar á sjávarútveginn og Seðlabanki Íslands.

Því að gengisvísitalan verði að meðaltali um 116 fyrir árið 2006. Þess má einnig geta að fjármálaráðuneytið reiknaði með því, í Þjóðarbúskapnum: Haustskýrsla 2005, að gengisvísitalan verði að meðaltali um 114 fyrir árið 2006.

Hér verður ekki lagt mat á þessar spár, en þær sýna að flestir sem fjalla um íslensk efnahagsmál telja að gengi krónunnar, um þessar mundir, muni haldast sterkt fram eftir árinu en taka þá að veikjast. Ef þessar spár ganga eftir, þá verður árið 2006 mjög erfitt í rekstri fyrir rækjufyrirtækin. Ef horft er til lengri tíma, þá telja flestir þeir sem fjalla um íslenskt efnahagslíf að nokkurt ójafnvægi ríki í þjóðarbúskapnum og hljóti því að lækka með árunum. Spár viðskiptabankanna og fjármálaráðuneytisins fyrir árið 2007 eru þó mun betra en fyrir árið 2006 en þar er því spáð að gengisvísitalan verði á bilinu 119-129. Þó ber að taka fram að ómögulegt er að spá fyrir um þróun gengisins en t.d. í byrjun ársins 2005 spáðu allir viðskiptabankarnir og fjármálaráðuneytið því að gengi krónunnar myndi veikjast á árinu 2005 en hið andstæða varð raunin. Þessi veikingarhrina sem útflutningsaðilar eru að bíða eftir hefur hliðrast til og erfitt er að segja nákvæmlega hvenær til hennar kemur.


3.3 Þróun og horfur rækjuveiða við Ísland

Ástand rækjustofna hefur verið slæmt að undanförunu og er rækjuveiðin við Ísland nú sú minnsta í 20 ár. Verulegur aflabrestur hefur orðið í innfjarða- og úthafs rækjuveiðum (sjá mynd 3) og vegna þess hefur mikið hráefni verið innflutt til landsins (sjá kafla 3.8). Íslendingar hafa stundað úthafs rækjuveiði í u.þ.b. 20 ár og hefur aflinn sveiflast töluvert milli ára. Hæst fór úthafsveiðiaflinn í um 65.000 tonn árið 1995. Á árinu 2005 var veiðin aðeins um 5.000 tonn. Meginástæða þess að úthafsveiðirækja er ekki veidd er aflabrestur. Einnig er hluti af þessum vanda hátt olúverð og hágengi sem hefur gert það að verkum að útgerðin hefur ekki borið sig. Aflabrestur í úthafsveiðirækju hefur haft mikil áhrif á rekstur rækjufyrirtækja sem m.a. byggðu afkomu sína á þessum veiðum. Ekki hefur verið reynt að koma til móts við hagsmuni þeirra útgerða sem stunda úthafs rækjuveiði með úthlutun sérstakra aflabóta.

Staða og horfur í rækjuíðnaði á Íslandi

Aflabrestur í innfjarðarækjuveiði og algjört veiðibann hefur einnig haft talsverð áhrif á rekstur rækjufyrirtækja sem m.a. byggðu afkomu sína á þessum veiðum. Innfjarðarækjuveiðin var um 10.000 tonn árið 1995 en árið 2005 var veiðin um 500 tonn. Á yfirstandandi fiskveiðiári hefur engum kvótum í innfjarðarækjuveiði verið úthlutað. Reynt hefur verið að koma til móts við hagsmuni þeirra sem stunda innfjarðarækjuveiði með úthlutun sérstakra aflabóta.

Mynd 3: Þróun úthafs-rækju- og innfjarðarækjuaflla frá 1985.



Heimild: Hafrannsóknastofnunin.

Verð á pillaðri (unninni) rækju er lágt um þessar mundir og ekki eru fyrirsjáanlegar breytingar á því á næstunni. Gera má ráð fyrir samkeppni frá Noregi um iðnaðarrækju, og er það ekki til að bæta stöðu greinarinnar hér á landi. Vegna ytri skilyrða er þess ekki að vænta að staða greinarinnar batni á næstunni. Fjárfesting í greininni verður sennilega lítil sem engin á næstunni og er það slæmt, þar sem rækjuverksmiðjur eru mjög tæknivæddar og tækniþróun er mjög ör, en það kallar á stöðuga fjárfestingu í greininni.

Hinn 22. desember 2005 skilaði Hafrannsóknastofnunin mati um ástand og horfur rækjustofna við Ísland. Niðurstöður úr mælingunum fyrir úthafs-rækjuna benda til þess að stofninn sé í lágmarki, svipað ástand og árið 2004. Árgangur ársins 2003 mældist lítil og

einnig virðist árgangur ársins 2004 lítill. Í úttektinni kemur einnig fram að stofnmæling úthafs rækju bendir til mikillar þorskgengdar á rækjumiðunum árin 2003–2005 sem er svipað og var á árunum 1996–1998, þegar rækjustofninn minnkaði verulega. Samkvæmt stofnmælingu sem gerð var í mars 2005 hefur magn þorsks fyrir norðan og austan land hins vegar minnkað lítillega frá árinu 2004 og stofnmæling að hausti bendir til hins sama. Þegar horft er á niðurstöður mismunandi líkana við mat á heildarstofnstærð rækju benda allar niðurstöður til að rækjustofninn sé nú í lágmarki. Mikil þorskgengd og léleg nýliðun á rækju slóð benda jafnframt til þess að rækjustofninn muni minnka enn frekar á næstu árum. Að mati Hafrannsóknastofnunarinnar er óvarlegt að veiða rækju „í kappi við“ þorskin og rétt að sókn sé væg þegar náttúruleg afföll eru mikil. Einnig telur stofnunin að hafa þurfi í huga hugsanleg áhrif veiða á atferli rækjunnar. Þá eru vísbendingar um að rækjan verji sig gagnvart afræningjum með því að standa þétt, en veiðar á rækju gætu haft áhrif á þær varnir hennar og ýtt enn frekar undir afrán. Niðurstaða úttektar Hafrannsóknastofnunarinnar er að ákvarðaður upphafsafli fyrir fiskveiðiárið 2005/2006 verði 10 þús. tonn. Stofnunin telur að ekki séu forsendur fyrir breytingum á aflamarki og leggur til að heildaraflamark á fiskveiðiárinu 2005/2006 verði 10 þús. tonn.⁶

3.4 Samkeppni frá eldis- og heitsjávarrækju

Nokkur samkeppni kemur frá heitsjavar- og eldisrækju á erlendum mörkuðum og hefur hún farið vaxandi. Aukið framboð á eldisrækju hefur áhrif á verðmyndun kaldsjávarrækju, þótt erfitt sé að benda með beinum hætti á dæmi því til stuðnings. Þetta hefur m.a. haft það í för með sér að þrýsta verðinu til lækkunar á markaðsverði rækjunnar. Framleiðsla á kaldsjávarrækju er aðeins lítið brot af heimsframleiðslu á rækju. Samanlagt er talið að veiðar á kaldsjávarrækju, heitsjávarrækju og framleiðsla á eldisrækju séu nú á ársgrundvelli um 5,3 milljónir tonna. Nokkur óvissa er þó um hve nákvæm þessi tala er, en framleiðsla á eldisrækju hefur aukist verulega á síðustu árum. Kaldsjávarrækjan er aðeins tæplega 10% af heildarframleiðslunni og gera má ráð fyrir að sá hluti fari hlutfallslega minnkandi á næstu árum, þar sem framleiðsla á eldisrækju er mjög vaxandi. Stærstu framleiðendur eldisrækju eru Kína, Indónesía, Indland og Tæland.

⁶ Ástandsmat Hafrannsóknastofnunarinnar.

Framleiðsla eldisrækju er talin hafa verið um 1,3 milljón tonn á árinu 2003, sem er um fjórðungur af heimsframleiðslu rækju.

Af kaldsjávarrækjutegundum er *Pandalus borealis* mikilvægust og stendur undir um 80% af framleiðslu kaldsjávarrækju. Kanada, Grænland, Noregur og Ísland veiða mest af þessari rækjutegund. Veiðar á kaldsjávarrækju í Norður-Atlantshafi hafa aukist verulega á síðustu 10 árum. Veruleg aukning hefur orðið á veiðum við strendur Kanada en aukningin er um 150% frá árinu 1994 til 2004. Aukningin á Grænlandsmiðum er, fyrir sama tímabil, um 35%. Þessi aukning á veiðum við Kanada og Grænland hefur gert mun meira en að bæta upp minnkandi veiði sem orðið hefur á rækju í Barentshafi og á Íslandsmiðum. Frá árinu 1988 hafa veiðar á kaldsjávarrækju fjórfaldast. Á síðustu 3 árum hafa veiðar á kaldsjávarrækju (*Pandalus Borealis*) verið um 390 til 425 þús. tonn.⁷

3.5 Rækjuveiði Grænlandinga

Á árinu 2005 var rækjukvóti Grænlandinga 146.000 tonn, þar af var 10.000 tonnum úthlutað til erlendra fiskiskipa. Á síðustu 3 árum hefur um 52% vinnslunnar farið fram um borð í rækjuveiðiskipunum, þar sem rækjan hefur verið fryst með skel, ýmist hrá eða soðin. Þá var um 22% aflans frystur sem iðnaðarrækja og um 26% var landað fersku til rækjuverksmiðja á Grænlandi. Verð sem grænlenskar rækjuverksmiður hafa greitt fyrir rækjuna hefur farið lækkandi á undanförunum árum. Milli áranna 2000 og 2003 lækkaði verðið um 25%.

Á Grænlandi virðast rækjukvótarnir vera í hámarki og má gera ráð fyrir að framleiðslan verði svipuð á næstunni.

3.6 Rækjuveiði Kanadamanna

Rækjuveiðikvótinn í Kanada var á árinu 2005 um 192.000 tonn, þar af voru 156.000 tonn veidd við Nýfundnaland og 36.000 tonn við St. Lawrence flóa. Kanadískir rækjuveiðisjómenn hafa á undanförunum árum ekki veitt allan kvótann við Nýfundnaland.

⁷ Fiskeriforskning: Status og veivalg for norsk rekenæring.

Af samanlögðum kvóta hafa um 10 – 35 þús. tonn á ári ekki verið veidd. Ástæðurnar fyrir þessu eru fyrst og fremst lágt verð og léleg arðsemi í veiðum og vinnslu.

Frá 2002 til 2004 lækkaði verð á rækju sem veidd var á grunnslóð úr 1,12 kanadadollurum í 1,03 kanadadollara. Rækja veidd á grunnslóð er seld til rækjuverksmiðja til úrvinnslu. Hjá djúpsjárveiðiflotanum (rækjan er venjulega stærri í djúpsjárveiðinni og því fæst hærra verð) lækkaði meðalverðið á sama tímabili úr 2,85 kanadadollurum í 1,89 kanadadollara. Ástæðan fyrir þessari miklu verðlækkun á rækju, sem veidd var á djúpslóð, var almenn lækkun á rækjuverði en einnig minnkandi meðalþyngd veiddrar rækju á djúpslóð sem leiddi til lægra verðs.

Þótt gera megi ráð fyrir að rækjukvóti við Kanada sé nú í hámarki, geta Kanadamenn enn aukið rækjuframleiðslu sína, þar sem kvótinn við Nýfundnaland er ekki fullnýttur. Gera má ráð fyrir að framleiðsla á pillaðri rækju í Kanada komi til með að aukast þar sem stærð rækjunnar við Kanada virðist fara minnkandi en það leiðir af sér að hærra hlutfall af rækjunni sem veidd er við Kanada er pilluð í rækjuverksmiðjum. Breyting er að verða á samsetningu rækjuskipaflota Kanadamanna þannig að ný rækjuveiðiskip eru stærri en þau sem fyrir eru en það mun sennilega leiða til meiri gæða í framleiðslunni þar sem rækjuveiðin verður síður árstíðabundin. Það leiðir til stöðugri vinnslu og meiri gæða, sem verður til þess að kanadískur rækjuíðnaður verður samkeppnishæfari.

3.7 Rækjuveiði Norðmanna

Rækjustofn Norðmanna í Barentshafi hefur minnkað á síðustu árum. Rækjuveiðin á þessu svæði er nú aðeins helmingur af veiðinni eins og hún var árið 2000. Veiðin var á árinu 2004 um 40.000 tonn. Á þessu svæði eru nú tiltölulega stórir árgangar af þorski og er talið að þorskurinn éti árlega 250-280.000 tonn á ári af rækju. Það er margfalt meira magn en veitt er á svæðinu.


Samkvæmt mati norsku Hafrannsóknastofnunarinnar eru ekki forsendur til að gera ráð fyrir aukningu í rækjuveiði Norðmanna á næstu árum. Þetta mat er þó háð ýmsum fyrirvörum, m.a. er stærð þorskstofnsins á þessu svæði talin hafa veruleg áhrif á stærð

rækjustofnsins. Rækjustofnar í Barentshafi og við Spitsbergen eru nú í lágmarki og ekki útlit fyrir að breyting verði á því á næstunni. Tímabundnu veiðibanni hefur ítrekað verið beitt á gjöfum rækjuveiðisvæðum í Barentshafi og Spitsbergen, sem hefur gert ástandið enn verra fyrir norska rækjuveiðiflotann.

3.8 Innflutningur á rækju til úrvinnslu

Þróun síðustu ára vegna óhagstæðra skilyrða, aukinna afkastagetu og viðleitni til bættrar nýtingar framleiðslutækjanna hefur gert það að verkum að íslensk rækjufyrirtæki hafa þurft að flytja inn mest allt magn af rækju til landsins (sjá mynd 4).

Mynd 4: Innflutningur á hráefni til rækjuvinnslu 1995-2005 í þús. tonna.



Heimild: Samtök fiskvinnslustöðva

Á myndinni sést að á síðustu 10 árum hefur landslagið breyst töluvert. Mest öll rækja kom frá íslenskum skipum fyrir um 10 árum en í dag hefur dæmið snúist við. Mikið af rækju er innflutt frá Eystrasaltslöndum, Kanada, Noregi og Grænlandi til frekari vinnslu. Styrking krónunnar hefur stuðlað að lægra innkaupsverði á innfluttri rækju. Spurningin sem vaknar við þessar aðstæður er hvort það sé hagkvæmt til lengdar að standa í slíkri framleiðslu sem byggist á innflutningi.

3.9 Helstu samkeppnismarkaðir íslenskrar kaldsjávarrækju

Helsti útflutningsmarkaðurinn fyrir íslenska kaldsjávarrækju er Bretland (sjá töflu 1). Útflutningur á kaldsjávarrækju frá Íslandi til Bretlands er um 76% af heildarkaldsjávarrækjuútflutningi Íslendinga. Einnig er útflutningurinn til Danmerkur um 12% og um 7% til Þýskalands.

Ef horft er á þróunina á innflutningi til Bretlands á pillaðri rækju (sjá töflu 2) sést að aukningin í útflutningi Íslendinga á kaldsjávarrækju frá 1999-2004 í stærri pakkningum nemur um 22% en á sama tíma hefur verðið lækkað um 23%.

Tafla 1: Áætlaðir útflutningsmarkaðir fyrir pillaða kaldsjávarrækju árið 2004

Markaður	Framleiðsla helstu framleiðsluríkja, tonn					Áætl. Á markaði, samtalls
	Kanada	Færeyjar	Ísland	Noregur	Grænland	
Bretland	4.844	1.610	19.680	7.000	7.000	40.134
Danmörk	2.734	370	3.150	3.100	5.300	14.654
Þýskaland	2.070	0	1.850	200	1.500	5.620
Frakkland	19	160	310	500	175	1.164
Ítalía	0	0	380	0	100	480
Svíþjóð	1.237	50	10	5.000	525	6.822
Finnland	0	0	0	2.000	150	2.150
Bandaríkin	8.400	0	110	0	150	8.660
Noregur	326	0	0	0	200	526
Aðrir markaðir	1.500	10	510	600	1.400	4.020
Útflutn. alls	21.130	2.200	26.000	18.400	16.500	84.230
Innanl.neysla	4.000	26	330	2.000	5	6.360
Framl. Samtals	25.130	2.226	26.330	20.400	16.505	90.590

Heimild: Morgunblaðið

Tafla 2: Innflutningur til Bretlands á pillaðri rækju í 2 kg. pakkningum og stærri, magn í tonnum og meðalverð í norskum krónum.


Innflutt frá	Magn, tonn	1999	2000	2001	2002	2003	2004
Noregi	Meðalverð, NOK/kg.	8.184	9.163	7.804	5.897	4.681	5.257
	Magn, tonn	50,54	49,03	42,87	38,60	35,98	37,63
Kanada	Meðalverð, NOK/kg.	4.015	3.165	2.059	2.933	3.031	5.029
	Magn, tonn	47,59	55,27	50,22	38,55	38,33	40,28
Danmörku	Meðalverð, NOK/kg.	1.099	2.896	2.733	815	309	225
	Magn, tonn	55,60	54,47	52,13	41,68	36,85	40,63
Færeyjar	Meðalverð, NOK/kg.	321	1.541	2.253	2.246	2.285	1.448
	Magn, tonn	46,37	54,66	40,48	35,83	34,68	37,32
Grænlandi	Meðalverð, NOK/kg.	16	34		46	2	643
	Magn, tonn	63,03	72,23		26,55	31,18	31,45
Íslandi	Meðalverð, NOK/kg.	7.982	9.556	10.022	12.343	13.078	9.756
	Magn, tonn	57,37	54,36	48,12	41,59	39,27	43,88
Innflutt til Bretlands	Tonn	21.617	26.355	24.871	24.280	23.386	22.358
	NOK/kg.	52,72	52,67	46,40	39,94	38,01	40,79

Heimild: Hagstofa Íslands

3.10 Þróun afurðaverðs rækju og verðvísitölu pillaðrar rækju


Vegna minnkandi rækjuveiði við Ísland hafa rækjuverksmiðjur hér á landi í vaxandi mæli keypt rækju til vinnslu af öðrum þjóðum (sjá mynd 4). Auk þess að fá rækju frá togurum Eystrasaltslanda hafa íslenskar rækjuverksmiðjur keypt mikið magn af iðnaðarrækju frá Noregi, Grænlandi og Kanada. Samanlagt var innflutningur íslenskra rækjuverksmiðja um 51.000 tonn af iðnaðarrækju á árinu 2004. Um 90% af rækjuveiði Norðmanna á Flæmska hattinum hefur verið landað í Kanada eða á Íslandi. Ef mynd 5 er skoðuð, þá sést að verð á iðnaðarrækju hefur farið lækkandi frá árinu 2003. Þessi staðreynd skýrir m.a. af hverju veiðar Íslendinga á Flæmingjagrunni hafa nánast lagst af. Á mynd 6 má sjá hvernig verðvísitala á pillaðri rækju hefur þróast.

Mynd 5: Innflutningur á iðnaðarrækju 2003-2005



Heimild: Samtök fiskvinnslustöðva

Mynd 6: Verðvísitala á pillaðri rækju 1986-2004, meðaltal hvers árs



Heimild: Hagstofa Íslands

4 Áhrif á byggðapróun

Þessi erfiða staða í rækjuíðnaði á Íslandi hefur gert það að verkum að rækjuverksmiðjum hefur fækkað verulega á síðustu árum og starfsfólki hefur verið sagt upp. Fækkun rækjuverksmiðja og starfa hefur mikil áhrif á byggðapróun og framtíð einstakra byggðarlaga sem treysta á þennan iðnað.

Á árinu 2004 voru samtals 157.520 störf á landinu (sjá töflu 3). Í fiskvinnslu voru 6.550 störf, þar af voru tæplega 450 störf í rækjuíðnaði. Íbúafjöldi á landinu var 293.291 árið 2004 og er því 1,86 íbúi að baki hverju starfi í landinu.⁸

Tafla 3: Fjöldi starfa í fiskvinnslu

	1998	1999	2000	2001	2002	2003	2004
	145.440	150.000	154.020	156.460	156.070	155.680	157.520
Frumvinnslugreinar alls	11.190	11.200	10.570	10.170	10.280	9.710	9.500
Iðngreinar alls	37.430	37.070	37.540	37.000	35.870	35.460	36.540
Þar af fiskvinnsla	8.000	7.170	6.600	6.570	6.530	6.360	6.550
Þjónustugreinar alls	96.820	101.730	105.910	109.290	109.930	110.510	111.230

Heimild: Hagstofa Íslands

4.1 Fjöldi rækjuvinnslustöðva og starfa

Starfandi rækjuvinnslustöðvar voru 8 í lok ársins 2005, þeim hefur því fækkað um 10 frá árinu 2000 (sjá töflu 4). Þær rækjuvinnslur sem enn eru starfandi eru staðsettar á norðanverðu Snæfellsnesi, Vestfjörðum og Norðurlandi.

⁸ Taka skal fram að þessi stuðull er mjög breytilegur eftir atvinnugeirum og einungis gróf viðmiðun.

Tafla 4: Fjöldi rækjuvinnslustöðva og starfa frá árinu 2000-2005

Fyrirtæki	Staðsetning	Starfsemi			Fjöldi starfa Árslok 2005
		Árið 2000	Árið 2004	Árið 2005	
Bakkavík hf.	Bolungarvík	X	X	X	30
Dögun ehf.	Sauðárkróki	X	X	X	25
Fiskiðjan Skagfirðingur hf. Grundarf.	Grundarfirði	X	X	X	23
Íshaf hf.	Húsavík	X	X	X	
Gefla hf.	Kópaskeri	X	Lokuð	Lokuð	
Hólmadrangur hf.	Hólmanvík	X	X	X	25
Eskja hf.	Eskifirði	X	Lokuð	Lokuð	
Frosti hf.	Súðavík	X	X	X	
Meleyri hf. (áætlað)	Hvammstanga	X	X	X	15
Miðfell hf.	Ísafirði	X	X	X	35
Rækjuver hf.	Bíldudal	X	X	Lokuð	
Rækjuvinnslan Pólar hf. / Ljósavík	Síglufirði	X	Lokuð	Lokuð	
Saltver ehf. rækjuvinnsla	Njarðvík	X	X	Lokuð	
Samherji hf. - Strýta	Akureyri	X	X	X	31
Sigurður Ágústsson hf.	Stykkishólmi	X	X	X	
Skagstrendingur hf.	Skagaströnd	X	X	Lokuð	
Særún ehf.	Blönduósi	X	X	Lokuð	
Þormóður rammi - Sæberg hf.	Síglufirði	X	X	X	39
Samtals fjöldi rækjuvinnslustöðva		18	15	11	223

Heimild: Hagstofa Íslands

4.2 Fjöldi starfa í Stykkishólmi

Í Stykkishólmi voru samtals 610 aðalstörf árið 2004⁹, þar af 148 störf í iðnaði en skráning starfa í fiskiðnaði er ekki fyrir hendi (sjá töflu 5). Hjá Sigurði Ágústssyni hf. voru 42 störf í rækjuíðnaði árið 2004, eða um 7% starfa. Miðað við heildarfjölda starfa á landinu (stuðullinn 1,86) höfðu tæplega 80 íbúar afkomu af rækjuíðnaði í Stykkishólmi árið 2004. Í Stykkishólmi eru engin störf í rækjuíðnaði í árslok 2005.

⁹ Tekið er mið af októbermánuði hvers árs.

Tafla 5: Skipting starfa eftir geirum í Stykkishólmi

Heiti	Fjöldi						
	1998	1999	2000	2001	2002	2003	2004
Frumvinnslugreinar	111	109	98	88	94	87	68
Iðnaður	182	175	182	165	158	118	148
Þar af fiskiðnaður	123	120	128	102	103	75	NA
Þjónusta	396	399	411	421	426	412	394
Samtals störf	689	683	691	674	678	617	610

Heimild: Hagstofa Íslands

4.3 Fjöldi starfa í Bolungarvík

Í Bolungarvík voru samtals 553 aðalstörf árið 2004¹⁰, þar af 115 störf í fiskiðnaði (sjá töflu 6). Hjá Bakkavík hf. voru 33 störf í rækjuíðnaði árið 2004, eða um 6% starfa. Miðað við heildarfjölda starfa á landinu (stuðullinn1,86) hafa rúmlega 60 íbúar afkomu af rækjuíðnaði í Bolungarvík. Í rækjuíðnaði í Bolungarvík voru 30 störf árið 2005.

Tafla 6: Skipting starfa eftir geirum í Bolungarvík

Heiti	Fjöldi						
	1998	1999	2000	2001	2002	2003	2004
Frumvinnslugreinar	106	129	139	122	101	127	117
Iðnaður	233	190	184	135	149	135	147
Þar af fiskiðnaður	197	152	145	102	115	105	115
Þjónusta	291	279	278	323	297	277	289
Samtals störf	630	598	601	580	547	539	553

Heimild: Hagstofa Íslands

4.4 Fjöldi starfa á Ísafirði

Í Ísafjarðarbæ voru samtals 2.380 aðalstörf árið 2004¹¹, þar af 507 störf í fiskiðnaði (sjá töflu 7). Hjá Miðfelli voru 39 störf í rækjuíðnaði árið 2004, eða um 2% starfa. Miðað við heildarfjölda starfa á landinu (stuðullinn1,86) höfðu rúmlega 70 íbúar afkomu af rækjuíðnaði á Ísafirði. Í rækjuíðnaði á Ísafirði voru 35 störf árið 2005.

¹⁰ Tekið er mið af októbermánuði hvers árs.

¹¹ Tekið er mið af októbermánuði hvers árs.

Tafla 7: Skipting starfa eftir geirum á Ísafirði

Heiti	Fjöldi						
	1998	1999	2000	2001	2002	2003	2004
Frumvinnslugreinar	471	496	496	318	300	268	240
Iðnaður	619	396	396	584	597	591	671
Þar af fiskiðnaður	439	217	217	403	430	439	507
Þjónusta	1406	1457	1457	1489	1454	1424	1469
Samtals störf	2496	2349	2349	2391	2351	2283	2380

Heimild: Hagstofa Íslands

4.5 Fjöldi starfa í Súðavíkurbænum

Í Súðavíkurbænum voru samtals 130 aðalstörf árið 2004¹², þar af 50 störf í fiskiðnaði (sjá töflu 8). Hjá Frosta voru 38 störf í rækjuiðnaði árið 2004, eða tæplega 30% starfa. Miðað við heildarfjölda starfa á landinu (stuðullinn 1,86) höfðu rúmlega 70 íbúar afkomu af rækjuiðnaði í Súðavíkurbænum. Í Súðavíkurbænum voru engin störf í rækjuiðnaði í árslok 2005.

Tafla 8: Skipting starfa eftir geirum í Súðavíkurbænum

Heiti	Fjöldi						
	1998	1999	2000	2001	2002	2003	2004
Frumvinnslugreinar	34	33	22	24	28	20	15
Iðnaður	72	55	47	47	47	45	53
Þar af fiskiðnaður	67	51	39	41	41	43	50
Þjónusta	53	55	58	55	53	62	62
Samtals störf	159	143	127	126	128	127	130

Heimild: Hagstofa Íslands

4.6 Fjöldi starfa á Hólmavík

Á Hólmavík voru samtals 248 aðalstörf árið 2004¹³, en skipting starfa milli atvinnugreina virðist ónákvæm árið 2004 (sjá töflu 9). Tölur um fjölda starfa liggja ekki fyrir árin 1998 til 2001. Hjá Hólmadrangi hf. voru 26 störf í rækjuiðnaði árið 2004, eða rúmlega 10% starfa. Miðað við heildarfjölda starfa á landinu (stuðullinn 1,86) höfðu tæplega 50 íbúar afkomu af rækjuiðnaði á Hólmavík. Í rækjuiðnaði á Hólmavík voru 25 störf árið 2005.

¹² Tekið er mið af októbermánuði hvers árs.

¹³ Tekið er mið af októbermánuði hvers árs.

Tafla 9: Skipting starfa eftir geirum á Hólmavík

Heiti	Fjöldi						
	1998	1999	2000	2001	2002	2003	2004
Frumvinnslugreinar	X	X	X	X	48	46	74
Iðnaður	X	X	X	X	34	31	7
Þar af fiskiðnaður	X	X	X	X	27	29	1
Þjónusta	X	X	X	X	174	181	167
Samtals störf	X	X	X	X	256	258	248

Heimild: Hagstofa Íslands

4.7 Fjöldi starfa í sveitarfélaginu Skagafirði

Í sveitarfélaginu Skagafirði voru samtals 2.371 aðalstarf árið 2004¹⁴, þar af 335 störf í iðnaði og 117 störf í fiskiðnaði árið 2004 (sjá töflu 10). Hjá Dögun ehf. eru 25 störf í rækjuiðnaði árið 2004, eða rúmlega 1% starfa. Miðað við heildarfjölda starfa á landinu (stuðullinn1,86) höfðu tæplega 50 íbúar afkomu af rækjuiðnaði í Sveitarfélaginu Skagafirði. Í rækjuiðnaði í sveitarfélaginu Skagafirði voru 25 störf árið 2005.

Tafla 10: Skipting starfa eftir geirum í sveitarfélaginu Skagafirði

Heiti	Fjöldi						
	1998	1999	2000	2001	2002	2003	2004
Frumvinnslugreinar	408	399	386	382	380	342	365
Iðnaður	411	373	383	374	375	360	335
Þar af fiskiðnaður	79	70	72	72	74	89	117
Þjónusta	1405	1447	1525	1529	1506	1542	1671
Samtals störf	2224	2219	2294	2285	2261	2244	2371

Heimild: Hagstofa Íslands

4.8 Fjöldi starfa á Siglufirði

Á Siglufirði voru samtals 735 aðalstörf árið 2004¹⁵, þar af 104 störf í fiskiðnaði (sjá töflu 11). Hjá Þormóði ramma- Sæberg hf. voru 63 störf í rækjuiðnaði árið 2004, eða um 9% starfa. Miðað við heildarfjölda starfa á landinu (stuðullinn1,86) höfðu tæplega 120 íbúar afkomu af rækjuiðnaði á Siglufirði. Í rækjuiðnaði á Siglufirði voru 39 störf árið 2005.

¹⁴ Tekið er mið af októbermánuði hvers árs.

¹⁵ Tekið er mið af októbermánuði hvers árs.

Tafla 11: Skipting starfa eftir geirum á Siglufirði

Heiti	Fjöldi						
	1998	1999	2000	2001	2002	2003	2004
Frumvinnslugreinar	99	86	75	84	81	111	96
Iðnaður	275	270	266	218	225	185	166
Þar af fiskiðnaður	225	208	203	159	163	122	104
Þjónusta	453	468	499	484	454	470	473
Samtals störf	827	824	840	786	760	766	735

Heimild: Hagstofa Íslands

4.9 Fjöldi starfandi eftir aðalstarfi á Akureyri

Á Akureyri voru samtals 8.421 aðalstörf árið 2004¹⁶, þar af 364 störf í fiskiðnaði (sjá töflu 12). Hjá Strýtu Samherja hf. voru 64 störf í rækjuiðnaði árið 2004, eða tæplega 1% starfa. Miðað við heildarfjölda starfa á landinu (stuðullinn1,86) höfðu tæplega 120 íbúar afkomu af rækjuiðnaði á Akureyri. Í rækjuiðnaði á Akureyri voru 31 starfárið 2005.

Tafla 12: Skipting starfa eftir geirum á Akureyri

Heiti	Fjöldi						
	1998	1999	2000	2001	2002	2003	2004
Frumvinnslugreinar	390	469	385	404	450	430	417
Iðnaður	1770	1660	1623	1405	1440	1499	1552
Þar af fiskiðnaður	391	392	310	433	225	292	364
Þjónusta	5773	5894	6168	6373	6235	6219	6452
Samtals störf	7933	8023	8176	8182	8125	8148	8421

Heimild: Hagstofa Íslands

4.10 Fjöldi starfandi eftir aðalstarfi á Húsavík

Á Húsavík voru samtals 1.341 aðalstarf árið 2004¹⁷, þar af 310 störf í iðnaði (sjá töflu 13), skráning starfa í fiskiðnaði er ekki fyrir hendi árið 2004. Hjá Íshafi hf. voru 55 störf í rækjuiðnaði árið 2004, eða rúmlega 4% starfa. Miðað við heildarfjölda starfa á landinu (stuðullinn1,86) höfðu tæplegalega 100 íbúar afkomu af rækjuiðnaði á Húsavík. Á Húsavík voru engin störf í rækjuiðnaði í árslok 2005.

¹⁶ Tekið er mið af októbermánuði hvers árs.

¹⁷ Tekið er mið af októbermánuði hvers árs.

Tafla 13: Skipting starfa eftir geirum á Húsavík

Heiti	Fjöldi						
	1998	1999	2000	2001	2002	2003	2004
Frumvinnslugreinar	136	114	123	126	157	134	116
Iðnaður	339	329	322	283	308	291	310
Þar af fiskiðnaður	168	155	148	153	164	164	0
Þjónusta	881	881	884	891	872	895	915
Samtals störf	1356	1324	1329	1300	1337	1320	1341

Heimild: Hagstofa Íslands

4.11 Samantekt um byggðapróun

Á árinu 2004 voru um 6.550 störf í fiskvinnslu, þar af um 450 störf í rækjuíðnaði. Samkvæmt því má ætla að um 840 einstaklingar hafi haft afkomu sína af rækjuíðnaði árið 2004 (stuðullinn 1,86). Áætlaður fjöldi starfa í rækjuíðnaði í lok ársins 2005 var um 220 og má áætla að um 400 íbúar hafi afkomu sína af rækjuíðnaði í lok ársins.¹⁸ Störfum í rækjuvinnslu hefur fækkað úr 450 í um 220. Þessi fækkun starfa skapar mikil vandamál í smærri byggðarlögum sem treysta á þennan iðnað. Erfitt getur verið fyrir einstaklinga í smærri byggðum að finna önnur störf innan byggðarlagsins og gætu þeir því neyðst til að flytja úr byggðarlaginu. Mest eru áhrifin í Súðavík, þar sem 30% starfa í byrjun árs 2005 voru í rækjuíðnaði en í lok ársins voru þau engin vegna lokunar rækjuverksmiðja. Í Stykkishólmi voru um 7% starfa í rækjuíðnaði í byrjun árs 2005 en í lok ársins voru þau engin. Þetta leiðir til þess að tekjustofnar viðkomandi sveitarfélags minnka verulega. Einnig byggðust um 10% starfa í Hólmavík, 9% starfa á Siglufirði og 6% starfa í Bolungarvík á rækjuvinnslu árið 2004. Töluverðir hagsmunir eru fyrir byggðarlögin að rækjuverksmiðjurnar verði áfram starfandi.

¹⁸ Taka skal fram að ómögulegt er að meta fjöldann með mikilli nákvæmni. Ekki er tekið tillit til afleiddra starfa.

5 Hvað geta stjórnvöld gert?

Rekstur sjávarútvegsins verður að öllum líkindum í járnum árið 2006 ef gengi krónunnar helst óbreytt og að öðrum rekstrarforsendum óbreyttum. Engu að síður er ljóst að staða sumra greina sjávarútvegsins, t.d. rækjufyrirtækja er mjög erfið og ef skilyrði breytast ekki má gera ráð fyrir áframhaldandi taprekstri. Spurningin er hvort ástæða sé fyrir stjórnvöld að grípa inn í gang efnahagslífsins og styðja við rækjufyrirtæki við þessar aðstæður. Nauðsynlegt er að skoða hvort hægt sé að breyta lögum vegna þeirra aðstæðna sem rækjufyrirtæki á Íslandi búa við í dag.

5.1 Almennir rekstrarstyrkir eða opinberir styrkir

Efnahagsstefna hins opinbera síðustu ára hefur markast af því að setja efnahagslífinu almennar leikreglur og grípa t.d. ekki inn í þróun á fjármálamörkuðum eða í einstökum atvinnugreinum nema aðstæður í þjóðarbúskapnum almennt gefi tilefni til. Ríkisstyrkir hafa ekki verið teljandi nema þó einna helst í landbúnaði. Almennt hefur það verið stefna stjórnvalda innan OECD að draga úr ríkisstyrkjum m.a. til sjávarútvegsfyrirtækja til að skekkja ekki samkeppnisstöðu. Víðast hvar njóta erlend sjávarútvegsfyrirtæki styrkja frá hinu opinbera en sú fyrirgreiðsla er yfirleitt flokkuð sem byggðastyrkir en slíkir styrkir skekkja samkeppnisstöðu íslenskra sjávarútvegsfyrirtækja.

Nefndin leggst gegn því að veita almenna styrki til rækjufyrirtækja.

5.2 Veidigjald

Vorið 2002 samþykkti Alþingi, með lögum nr. 85/2002, að leggja veiðigjald á útgerð fiskiskipa. Gjaldið var lagt á í fyrsta sinn 1. september 2004. Veiðigjaldið grundvallast á aflaverðmæti miðað við tímabil sem hefst 1. maí næstliðins árs og lýkur 30. apríl. Frá aflaverðmætinu skal draga reiknaðan olíukostnað, reiknaðan annan rekstrarkostnað og reiknaðan launakostnað á sama tímabili. Veiðigjald komandi fiskveiðiárs skal síðan reiknað sem 9,5% af niðurstöðutölu í krónum á þorskígildiskíló. Í þá fjárhæð er deilt með þorskígildum sem standa að baki aflaverðmætinu sem lagt er til grundvallar

útreikningnum. Með því fæst veiðigjald sem lagt verður á landaðan afla og úthlutaðar aflameimildir á komandi fiskveiðiári. Þess má geta að Alþingi ákvað að veita sjávarútvegsfyrirtækjum aðlögunartíma með þeim hætti að veiðigjaldinu verði komið á í jöfnum þrepum frá árunum 2004 til 2009. Árið 2004 var gjaldið 6% en gert er ráð fyrir að það hækki síðan árlega og verði 9,5% fiskveiðiárið sem hefst 1. september 2009¹⁹.

Bent hefur verið á að tímabundið afnám eða lækkun á veiðigjaldi fyrir rækjufyrirtæki sé hugsanleg leið fyrir stjórnvöld til að létta á þeirri þröngu stöðu sem rækjuíðnaðurinn býr nú við. Þarna yrði að vísu fremur um táknaða aðgerð að ræða sem ekki hefði teljandi áhrif á afkomu greinarinnar. Á síðasta fiskveiðiári var veiðigjald sem úthafs-rækjuveiðifyrirtæki greiddu um 10 milljónir. Þessi leið er fær fyrir ríkið, þar sem um er að ræða gjald sem er sértækt fyrir sjávarútveginn og leggst ekki á aðrar atvinnugreinar.

Nefndin leggur til við stjórnvöld að þau endurskoði lög um veiðigjald á þann veg að veiðigjald fyrir rækjufyrirtæki verði afnumið tímabundið.

5.3 Veiðiskylda²⁰

Eins og áður hefur komið fram hefur orðið verulegur aflabrestur í innfjarðarækjuveiði og úthafs-rækjuveiði. Við slíkar aðstæður getur reynst mjög erfitt að uppfylla veiðiskyldu skv. 5.málgrein 12. grein laga um stjórn fiskveiða. Þar segir m.a.: „Veiði fiskiskip minna en 50% af samanlögðu aflamarki sínu í þorskígildum talið tvö fiskveiðiár í röð fellur aflahlutdeild þess niður og skal aflahlutdeild annarra skipa í viðkomandi tegundum hækka sem því nemur.“

Nefndin leggur til að leitað verði leiða til að afnema veiðiskyldu á meðan þetta ástand varir.

¹⁹ Skýrsla nefndar um áhrif hás gengis íslensku krónunnar á sjávarútveginn.

²⁰ Sjá viðauka 1.

5.4 Bætur vegna aflabrests²¹

Nokkur umræða hefur orðið um 9. grein laga um stjórn fiskveiða. Þar segir að á hverju ári skal sjávarútvegsráðherra hafa til ráðstöfunar aflaheimildir sem nema allt að 12.000 lestum af óslægðum botnfiski í þorskígildum talið sem hann getur ráðstafað þannig:

„1) Til að mæta áföllum sem fyrirsjánleg eru vegna verulegra breytinga á aflamarki einstakra tegunda.

2) Til stuðning byggðarlögum, í samráði við Byggðastofnun, þannig:

a) sjávarútvegi og háð eru veiðum eða vinnslu á botnfiski

b) Til byggðarlaga sem orðið hafa fyrir óvæntri skerðingu á heildaraflaheimildum fiskiskipa sem gerð hafa verið út og landað hafa afla í viðkomandi byggðarlögum og sem veruleg áhrif hefur haft á atvinnuástand í byggðarlögunum.“

Tveir af þremur nefndarmönnum, þeir Ólafur Marteinsson og Pétur Grétarsson, leggja til að úthafsækjuútgærd sitji við sama borð og aðrar greinar sjávarútvegs, s.s. veiðar á hörpudiski og innfjarðarækju, þegar úthlutað er bótum vegna aflabrests samkvæmt 9 gr. laga um stjórn fiskveiða. Formaður nefndarinnar og fulltrúi sjávarútvegsráðuneytisins í nefndinni, Davíð Ólafur Ingimarsson, telur að ekki sé tímabært að taka afstöðu til þessa máls að svo stöddu.

²¹ Sjá viðauka 1.

6 Viðauki

6.1 Lög um bætur vegna aflabrests

■**9. gr.** [[Á hverju fiskveiðiári skal ráðherra hafa til ráðstöfunar aflaheimildir sem nema allt að 12.000 lestum af óslægðum botnfiski í þorskígildum talið sem hann getur ráðstafað þannig:

1. Til að mæta áföllum sem fyrirsjáanleg eru vegna verulegra breytinga á aflamarki einstakra tegunda.
2. Til stuðnings byggðarlögum, í samráði við Byggðastofnun, þannig:
 - a. Til minni byggðarlaga sem lent hafa í vanda vegna samdráttar í sjávarútvegi og háð eru veiðum eða vinnslu á [botnfiski].¹⁾
 - b. Til byggðarlaga sem orðið hafa fyrir óvæntri skerðingu á heildaraflaheimildum fiskiskipa sem gerð hafa verið út og landað hafa afla í viðkomandi byggðarlögum og sem veruleg áhrif hefur haft á atvinnuástand í byggðarlögunum.]²⁾

Ráðherra skal í reglugerð³⁾ kveða á um ráðstöfun aflaheimilda skv. 1. mgr. og kveða þar á um hvaða botnfisktegundir komi til úthlutunar.]⁴⁾...²

¹⁾[L. 74/2004, 1. gr.](#) ²⁾[L. 147/2003, 2. gr.](#) ³⁾[Rg. 485/2004.](#) ⁴⁾[L. 85/2002, 4. gr.](#)

■**9. gr. a.** Á hverju fiskveiðiári skal úthluta árlega 3.000 lestum af þorski. Þessum aflaheimildum skal úthlutað til báta sem höfðu aflahlutdeild 1. desember 1998 og voru þann dag minni en 200 brúttótonn, enda hafi þeir landað þorskafla á fiskveiðiárinu 1996/1997 eða 1997/1998. Aflaheimildir þessar miðast við óslægðan fisk og skulu þær dregnar frá leyfðum heildarafla þorsks áður en honum er skipt á grundvelli aflahlutdeildar. Úthlutun til einstakra báta skal miðast við heildaraflamark þeirra í þorskígildum talið. Við útreikning þennan skal miða við aflahlutdeildarstöðu þeirra 1. desember 1998, úthlutað heildaraflamark fiskveiðiársins 1998/1999 og verðmætastuðla á því fiskveiðiári, þó þannig að enginn bátur fái meira en 100% aukningu á þorskaflamarki og enginn hærri úthlutun en 10 lestir miðað við óslægðan fisk. Aldrei skal þó úthlutun samkvæmt þessari grein leiða til þess að heildaraflaheimildir einstakra skipa verði meiri en 450 þorskígildislestir samtals. Verði breytingar á skipakosti útgerðar er henni heimilt að flytja rétt til úthlutunar samkvæmt þessari grein yfir á

annan bát í sinni eign. Jafnframt skal sjávarútvegsráðherra heimilt að úthluta samkvæmt reglum þessarar greinar viðbótaraflaheimildum til báta sem hafa komið í stað annarra á tímabilinu frá 1. september 1997 til 17. mars 1999, enda hafi allar aflaheimildir verið fluttar yfir á hinn nýja bát af þeim sem endurnýjaður var og skerðir slík úthlutun ekki rétt annarra samkvæmt greininni.]¹⁾

¹⁾[L. 85/2002, 5. gr.](#) Samsvarandi ákvæði var áður í 1. mgr. brbákv. XXV. Yfirfærsla þess til almenns ákvæðis í lögnum stofnar ekki nýjan rétt til úthlutunar eða hefur áhrif á gildi framsals slíks réttar sem staðfest hefur verið fyrir gildistöku ákvæðanna, sbr. 2. mgr. [17. gr. l. 85/2002](#).

6.2 Lög um veiðiskyldu

■**12. gr.** [[Þegar fiskiskipi hefur verið úthlutað aflamarki er heimilt að flytja aflamarkið milli skipa enda leiði flutningurinn ekki til þess að veiðiheimildir skipsins verði bersýnilega umfram veiðigetu þess. Tilkynning um flutning aflamarks skal hafa borist Fiskistofu eigi síðar en 15 dögum eftir að veiðitímabili lýkur.]¹⁾

□[Tilkynna skal Fiskistofu ...]¹⁾ um flutning aflamarks og öðlast hann ekki gildi fyrr en stofnunin hefur staðfest flutninginn. Í tilkynningu skulu m.a. koma fram upplýsingar um magn aflamarks sem flytja skal, auk upplýsinga um verð, nema þegar aflamark er flutt á milli skipa í eigu sama aðila, einstaklings eða lögaðila.

□Áður en Fiskistofa staðfestir flutning aflamarks skal stofnunin skrá upplýsingar um flutning aflamarksins samkvæmt tilkynningu þar að lútandi. Ráðherra skal með reglugerð ákveða í hvaða formi tilkynningar til Fiskistofu um flutning aflamarks skuli vera. Sá sem tilkynnir um flutning aflamarks skal greiða Fiskistofu gjald að fjárhæð 2.000 kr. með hverri tilkynningu. Áður en Fiskistofa staðfestir flutning aflamarks skal stofnunin fá staðfestingu Verðlagsstofu skiptaverðs um að fyrir liggi samningur útgerðar og áhafnar um fiskverð til viðmiðunar hlutaskiptum. Hann skal uppfylla kröfur Verðlagsstofu skiptaverðs sem gerðar eru samkvæmt ákvæðum [laga nr. 13/1998](#), um Verðlagsstofu skiptaverðs og úrskurðarnefnd sjómanna og útvegsmanna.

□Fiskistofa skal daglega birta aðgengilegar upplýsingar um flutning aflamarks, þar á meðal um magn eftir tegundum, auk upplýsinga um verð, þar sem við á.]²⁾

□[Veiði fiskiskip minna en 50% af samanlögðu aflamarki sínu í þorskígildum talið tvö fiskveiðiár í röð fellur aflahlutdeild þess niður og skal aflahlutdeild annarra skipa í

viðkomandi tegundum hækka sem því nemur.]³⁾ [Skal við mat á þessu hlutfalli miðað við verðmæti einstakra tegunda í aflamarki skips í samræmi við verðmætahlutföll þeirra, [sbr. 19. gr.]⁴⁾⁵⁾ Viðmiðunarhlutfall, sem ákveðið er í þessari málsgrein, lækkar þó um 5% fyrir hverja fulla 30 daga sem skipi er haldið til veiða utan fiskveiðilandhelgi Íslands á fiskveiðiárinu á þeim tegundum sem ekki hefur verið samið um veiðistjórn á. □Tefjist skip frá veiðum í sex mánuði eða lengur innan fiskveiðiárs vegna tjóns eða meiri háttar bilana hefur afli þess fiskveiðiárs ekki áhrif til niðurfellingar aflahlutdeildar ...³⁾ samkvæmt þessari grein.

□[Á hverju fiskveiðiári er einungis heimilt að flytja af fiskiskipi aflamark, umfram aflamark sem flutt er til skips, sem nemur 50% af samanlögðu aflamarki sem fiskiskipi er úthlutað.]¹⁾ [Í þessu sambandi skal aflamark metið í þorskígildum á grundvelli verðmætahlutfalla einstakra tegunda, [sbr. 19. gr.]⁴⁾⁵⁾ [Heimilt er Fiskistofu að víkja frá þessari takmörkun á heimild til flutnings á aflamarki vegna breytinga á skipakosti útgerðar eða þegar skip hverfur úr rekstri um lengri tíma vegna alvarlegra bilana eða sjótjóns, samkvæmt nánari reglum sem ráðherra setur um skilyrði flutningsins.]¹⁾⁶⁾

□[Krókaafلامark verður aðeins flutt til báts sem er undir [15 brúttótonnum],¹⁾ enda hafi hann veiðileyfi með krókaafلامarki.]⁷⁾

¹⁾[L. 85/2002, 9. gr.](#) ²⁾[L. 34/2001, 6. gr.](#) ³⁾[L. 1/1999, 6. gr.](#) ⁴⁾[L. 28/2005, 5. gr.](#) ⁵⁾[L. 34/2000, 4. gr.](#) ⁶⁾[L. 12/1998, 1. gr.](#) ⁷⁾[L. 129/2001, 6. gr.](#)